

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Mógilsá og Kollafjörður.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 23. nóvember 2022, breytingu á deiliskipulagi Mógilsár-Kollafjarðar vegna lóðarinnar Mógilsá-Kollafjörður. Í breytingunni sem lögð er til felst að núverandi lóð sem er skilgreind sem frístundalóð (sumarhúsalóð) er breytt í íbúðarlóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Undraland 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 24. nóvember 2022, breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfi, svæði 4 vegna lóðarinnar nr. 1 við Undraland. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verður að reisa byggingu á lóðinni á tveimur hæðum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tröllaborgir 14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 1. desember 2022, breytingu á deiliskipulagi Borgahverfis E-H hluta vegna lóðarinnar nr. 14 við Tröllaborgir. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús, stækka íbúð á 1. hæð og setja svalir ofan á stækkunina. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vesturgata 40.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 15. desember 2022, breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 40 við Vesturgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að breyta verslunarrými á jarðhæð hússins í íbúð og skipta efri hæðum hússins í tvær íbúðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 19. desember 2022.

Björn Axelsson.